



Reykjavíkurborg



Dómnefndarálit

Hugmyndasamkeppni um framtíðarskipulag Gufunessvæðis í Grafarvogi



7. desember 2016

Reykjavíkurborg
í samstarfi við
Félag Íslenskra
Landslagsarkitekta
(FÍLA)

Um samkeppnina

Borgarstjóri skipaði í byrjun mars 2013 hóp til að fjalla um tækifærin í Gufunesi, fjalla um framtíðarsýn þess og útivistarsvæði í grennd við Gufunesbæinn. Jafnframt nýtingarmöguleika á svæði gömlu öskuhauganna og svæði Áburðarverksmiðjunnar. Heildarstærð svæðis sem um ræðir er um 1,3 km² og telst þá með svæði Gufunesbæjar, Áburðarverksmiðjunnar og að Geldinganesi.

Hópurinn hitti flesta þá hagsmunaaðila sem á svæðinu eru, bæði sem starfa á svæðinu eða hafa þar félagsaðstöðu. Aðilar kynntu sína starfsemi og framtíðarsýn. Margar áhugaverðar hugmyndir eru uppi hjá aðilum um nýtingu svæðisins. Einnig fengu íbúar og aðrir gestir tækifæri til að koma skoðunum og óskum á framfæri á Grafarvogsdaginn í maí 2014.

Vinnuhópurinn lagði til að framtíðarskipulag Gufuness færi í opna hugmyndasamkeppni meðal fagaðila.

Markmið Reykjavíkurborgar með samkeppninni er að kalla eftir hugmyndum að skipulagi og hönnun, sem er í samræmi við meginstefnu í gildandi aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Skipulag svæðisins hefur lengi verið órátt og miklar umræður um framtíðarþróun þess. Kominn er tími til að fá upp hugmyndir að framtíðarþróun og raunhæfar tillögur á svæðinu. Að það fái fallegt heildaryfirbragð og svæðið geti þróast og öðlast samhangandi hlutverk til framtíðar sem stuðlar að fjölbreyttri notkun þess.

Í dag eru margir ólíkir hagsmunaaðilar á svæðinu. Svæðið er margbreytilegt innbyrðis hvað varðar innviði og ásýnd, með græn svæði, eldri byggingar, atvinnustarfsemi að ólíkum toga, frumkvöðlastarfsemi, iðnað og íþróttaiðkun. Hvað varðar eignarhald á byggingum innan svæðis er það alfarið í eigu Reykjavíkurborgar. Hagsmunaaðilar á svæðinu eru með mislanga leigusamninga en uppsejjanlega á nokkrum árum.

Samkeppnin var skilgreind sem lokað hugmyndasamkeppni um rammaskipulag. Valdir voru sex aðilar að undangengnu forvali og voru:

- jvantspijker + Felixx
- Plús arkitektar og Landslag
- VA arkitektar
- Hornsteinar arkitektar
- April arkitekter
- Karl Kvaran + OLGA architects

Dómnefnd

Dómnefndarfulltrúar:

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, f.h. umhverfis- og skipulagsráðs, formaður dómnefndar
Marta Guðjónsdóttir, f.h. umhverfis- og skipulagsráðs
Björn Axelsson sem, f.h. umhverfis- og skipulagssviðs
Helgi B. Thóroddsen, f.h. Arkitektafélags Íslands
Áslaug Traustadóttir, f.h. FÍLA

Ritari dómnefndar: Björn Ingi Edvardsson, landslagsarkitekt og verkefnisstjóri hjá skipulagsfulltrúa.

Trúnaðarmaður, tilnefndur af FÍLA: Ólafur Melsted.

Dómnefnd áskildi sér rétt til að kalla til ráðgjafa eftir þörfum

Þann 10. ágúst 2016 bárust dómnefnd fyrirspurnir sem höfðu borist trúnaðarmanni. Dómnefnd svaraði þeim en alls var um að ræða 17 spurningar og voru svör send til trúnaðarmanns 18. ágúst 2016. Í seinni fyrirspurnarfresti bárust dómnefnd, þann 7. september 2016, tvær spurningar sem var svarað og svör send til trúnaðarmanns 13. september 2016.

Tillögum skyldi skila til trúnaðarmanns í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartún 12-14, 105 Reykjavík eigi síðar en kl. 16.00 þann 11. október 2016. Innan tilsetts tíma bárust tillögur frá öllum sex aðilum sem voru valdir í samkeppnina að loknu forvalinu. Dómnefnd lagði mat á allar innsendar tillögur og lagði til grundvallar markmið og áherslur dómnefndar sem komu fram í keppnislýsingu.

Dómnefndarstörf

Meginmarkmið samkeppninnar var að skoða hvernig svæðið nýtist best fyrir nærliggjandi hverfi og borgina í heild. Leitað var eftir sterkri heildarsýn fyrir Gufunessvæðið.

Markmið:

- Að koma með áhugaverðar, spennandi og nýstárlegar tillögur um nýtingu svæðisins, um opin svæði, byggðina og samgöngur.
- Að setja fram raunhæfa framtíðarsýn fyrir svæðið í heild.
- Að sýna mögulega áfangaskiptingu uppbyggingar/ þróunar.
- Að yfirbragð og form mannvirkja falli vel að umhverfinu.
- Að huga að tengingum frá nærliggjandi hverfum og innan svæðis.

Áherslur og viðfangsefni:

- Að koma með tillögu hvernig styrkja má margþætta möguleika svæðisins til útivistar og afþreyingar.
- Að athuga hvernig nýta má sóknarfæri vegna skapandi starfsemi á svæðinu m.a. með tilkomu öflugs kvikmyndavars á svæðið.
- Að svæðið innihaldi skjólsæl og áhugaverð almenningssými og að boðið verði upp á fjölbreyttar göngu- og hjólaleiðir.
- Að mannvirki; byggingar, götur, stígar bílastæði o.fl. falli sem best að landslagi og að svæðið innihaldi skjólsæl og áhugaverð almenningssými.
- Að koma með tillögur hvaða mannvirki skuli standi áfram.
- Að tillagan flétti saman nýja og eldri byggð á áhugaverðan hátt.
- Að koma með hugmyndir um hvernig er hægt að leggja Sundabraut í gegnum svæðið, þannig að hún samræmist tillögum keppenda.
- Að taka afstöðu til göngutengingar yfir í Viðey og uppbyggingar á bryggju sem nýst gæti sem stoppistöð fyrir bátatræð.
- Að tillagan taki tillit til nálægra náttúrusvæða, einkum strandsvæða, sem eru mikilvæg fyrir líffræðilega fjölbreytni.
- Að taka mið af menningarminjum og sögu svæðisins.
- Að skoða og huga að hugmyndum íbúa í tillöguverð.

Allir þátttakendur fá greitt fyrir tillögur sínar kr. 1.500.000 auk vsk. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að nýta hverja tillögu að hluta eða í heild. Greitt er aukalega kr. 1.000.000 auk vsk. fyrir verðlaunatillögu. Áframhaldandi skipulagsvinna á svæðinu er ekki bundin við þátttakendur eða verðlaunahafa eingöngu.

Þann 18. nóvember kom trúnaðarmaður á fund dómnefndar þar sem nafnleynd var rofin og á þeim fundi var lögð fram niðurstaða dómnefndar dags 17. nóvember. Nöfn höfunda koma fram með hverri tillögu.

Niðurstaða dómnefndar var að tillaga 3, auðkennd 16979 yrði valin sem Verðlaunatillaga. Höfundar hennar eru: jvantspijker + Felixx. Tillaga þessi hlýtur 1.000.000.- króna auk vsk í verðlaun.

Einnig var dómnefnd sammála um að tillaga 2, auðkennd 79107 og tillaga 6, auðkennd 01180 myndu fá sérstaka viðurkenningu og fá greiddar 500.000 krónur hvor tillaga, auk vsk.

Höfundar þeirra eru:

79107: Plús arkitektar og Landslag

01180: Hornsteinar arkitektar

Niðurstaða dómnefndar

Tillögurnar sex eru allar vandaðar og vel unnar. Þær hafa allar ólíka styrkleika og endurspegla skemmtilega ólíka sýn keppenda á svæðið. Dómnefnd ákvað við vinnu sína að veita jvantspijker + Felixx fyrstu verðlaun.

Vinningstillagan sýnir einstaklega vandaða vinnu og tekst það vandasama verk að vera frumleg á sama tíma og hún fer vel með anda staðar. Þetta er sannfærandi og raunhæf tillaga með skýra heildarhugmynd. Borgarmiðað og skilvirkt gatnakerfi ásamt góðum útirýmum og mannlegum kvarða eru sterkir og mótandi þættir í byggðinni á svæðinu sem fær sitt eigið aðdráttarafl með spennandi áherslu á frumkvöðla og framtíðaratvinnuþróun á svæðinu.

Dómnefnd ákvað einnig að veita tveimur öðrum tillögum sérstaka viðurkenningu. Það eru Hornsteinar arkitektar sem fá viðurkenningu fyrir frábæra landslagshönnun og hönnun útivistarsvæða, ásamt Plús arkitektum og Landslagi sem fá viðurkenningu fyrir sterka framtíðarsýn á frekari uppbyggingarmöguleika á svæðinu. Báðar tillögurnar hafa þætti sem gætu styrkt vinningstillöguna við frekari úrvinnslu.

Dómnefnd vill þakka öllum keppendum fyrir skapandi og metnaðarfullt vinnuframlag.

Tillaga 1

Auðkennd 87078

Höfundar:

April arkitekter

Lýsing höfunda

Um er að ræða áhugaverða sýn á Gufunessvæðið sem vinnur með nokkur svæði sem hún nefnir borgir, til að mynda kvikmyndaborg, húsagarðaborg, gestaborg, framleiðsluborg, húsbátaborg og fleira. Tillagan fléttar saman tvö þemu, hesta og báta.

Starfsemi á svæðinu er skipt í tvennt, græna starfsemi með tengingu við náttúruna og visthæfi og síðan bláa starfsemi með tengingu við sjó og vatn. Fiskeldi, þörungarækt, hestamennska og gróðurhús vinna saman líkt og eitt vistkerfi. Tillagan vinnur með landnámskóg á svæðinu við gömlu sorphaugana sem á að hafa góð áhrif á veðurfarið í Gufunesi og verður í framtíðinni nytjaskógur.

Á svæðinu verður öflugt kvikmyndaver, kvikmyndaskóli og nægt athafnasvæði fyrir alla þessa starfsemi með mögulegri samnýtingu á leikmyndum á grænum svæðum.

Gufunes verður sjálfbært jaðarsvæði í borginni með áherslu á samfélagssköpun og samskipti einstaklinga. Þar verður að finna gerjun í mannlífinu ásamt náttúru í borginni. Þar munu borgarbúum birtast fjölbreyttir húsnaðiskostir og ódýrir búsetumöguleikar fyrir ungt fólk.

Umsögn dómnefndar

Skemmtileg tillaga, mikil sköpun í gangi og alls konar skemmtilegar hugmyndir, sem er bæði styrkleiki og veikleiki tillögunnar. Tillagan er með öðruvísi þemu en aðrar samkeppnistillögunar og leyfir sér að vera bæði frumleg og afslöppuð. Bátaborgin og hestaborgin eru áhugaverðar hugmyndir en virka ekki raunhæfar. Þó verður hugmyndin um hestaborgina að teljast áhugaverð í samhengi við sögu Reykjavíkur. Þanggarðar, flothús, hesthús og gróðurhús er sett saman á formfastan og frumlegan hátt á norðurhluta svæðisins og eru áhugaverð nýjung sem og smáhýsabyggðin sem er sýnd nyrst á svæðinu. Hinsvegar er útfærslan ekki sannfærandi hvað varðar aðkomuleiðir og tengsl við nærliggjandi svæði. Tillagan sýnir þó ákveðna heildarhugsun um samgöngukerfi í stærra samhengi borgarinnar.

Tillagan sýnir áhugaverða áfangaskiptingu og skilning á þörfum kvikmyndavers fyrir athafnasvæði utandyra. Rýmismyndun á verksmiðjusvæðinu er spennandi þar sem hið gamla er tvinnuð saman með hinu nýja. Í tillögunni eru útivistarsvæðin látin rúma mjög mismunandi hugmyndir sem stangast að einhverju leyti á og mætti vinna betur. Tillöguhöfundar hafa unnið á jákvæðan hátt með hugmyndir íbúa um svæðið.

Framsetningin skýrir ekki tillöguna nægjanlega og er textaframsetning flókin.

Í tillögunni er mikið af hugmyndum sem vert væri að gefa gaum en hún nær ekki að mynda sannfærandi heild.

Tillaga 1 - auðkennd 87078



Tillaga 2

Auðkennd 79107

Viðurkenning

Höfundar:

Plús arkitektar og Landslag

Byggðin er mótuð af ytri aðstæðum og endanlegt form ræðst af samspili ólíkra þátta. Þar sem sólstaða er lág hér á lofti þarf byggðin einnig að vera lág. Húsin opnast og lækka til suðurs á móti sólu en hækka til norðurs til að mynda skjól gagnvart norðanáttinni. Húsin falla að landinu, þau er lægst við ströndina og þrepast síðan upp að klettarimunum.

Lýsing höfunda

Skipulagshugmyndin hverfist um þrjár grunnstoðir:

Lýðheilsa: Fjölbreyttan almennings- og lýðheilsugarð, Gufunesgarður, sem áður var sorphaugur.

Náttúra: Óheft aðgengi að strandlengjunni með útsýni yfir Sundin.

Sköpunarkraftur: Flutning skapandi greina á svæði þar sem áður var óþrífalegur iðnaður.

Gömlu sorphaugarnir skipta hinum nýja borgarhluta í þrjú megin svæði sem tengjast innbyrðis í gegnum Gufunesgarð með hjóla- og göngustígum. Þétt og fjölbreytt borgarbyggð er miðsvæðis með skjólgóðri smábátahöfn. Austan við höfnina eru lágreist íbúðarhús en sjóbúðir og hótél eru að norðanverðu. Á syðri hafnarbakkanum er bygging fyrir menningu, verslun og þjónustu. Hverfið sunnan við höfnina er byggt á landfyllingu og hefur yfirbragð bryggjuhverfis. Þar leika kanalar stórt hlutverk í götumyndinni en sjávarföllum er stjórnað með þar til gerðum lokum.

Pungamiðja Gufuness sem atvinnusvæðis verður áfram staðsett í nálægð við gömlu höfnina. Í göngufjarlægð frá kvikmyndaveri og skapandi klasa frumkvöðla og listamanna er að finna miðborgarumhverfi með þröngum götum og ýmsar tilvísanir í fyrri tíð. Yfirbragð og eðli byggðarinnar sækir fyrirmyndir í gömlu Reykjavík.

Í tillögunni er gert ráð fyrir land undir nýja byggð á rúmlega 90 hektara svæði. Íbúðarhúsnæði um 770.000 fm, kvikmyndaþorp um 35.000 fm. Samtals nýbyggingar alls um 922.000 fm og fjöldi íbúða alls um 6.400. Íbúafjöldi getur orðið allt 14.000 og ný störf um 2.800.

Meginæð borgarhlutans er svokallaður Viðeyjarás sem liggur frá suðaustri til norðvesturs í beinni sjónlínu við gömlu iðnaðarhöfn Áburðarverksmiðjunnar en þar er gert ráð fyrir göngubrú yfir í Viðey og biðstöð fyrir mögulegan bátastrætó. Norðan við ásinn er kvikmyndaver RVK Studios og tengd starfsemi til húsa en sunnanmegin má finna hverfismiðju borgarhlutans þar sem blönduð byggð verður í fyrirrúmi.

Gufunesgarður er á óbyggilegum haugum sem fylltir voru yfir Knútsvík, Gufunesgranda og Lónið. Garðurinn teiknar leynt og ljóst upp minningu um þetta horfna landslag. Svæðið er að mestu ónotað í dag ef frá er talin starfsemi Skemmtigarðsins sem leitast verður við að efla innan Gufunesgarðs. Garðurinn er um 37 hektarar að stærð og þjónar margvíslegum þörfum hverfisins og borgarbúa.

Umsögn dómnefndar

Sannfærandi tillaga, mjög skýr og vel sett fram. Heiti tillögunnar er lýsandi, hér er áherslan á byggðina. Hún sýnir góðan skilning á uppbyggingu þéttar borgarbyggðar. Sérstakur styrkur tillögunnar er m.a. ný landfylling á svæðinu sunnan gömlu Áburðarverksmiðjunnar og býður sú landfylling upp á skemmtilega möguleika. Mikil gæði yrðu fólgin í þeirri byggð. Styrkur tillögunnar liggur einnig í sannfærandi tengingu við Strandveg með svokölluðum Viðeyjarás. Tillagan sýnir nýjar og áhugaverðar hugmyndir um fjölbreyttar húsagerðir fyrir mismunandi aðstæður. Góð landnýting og tenging byggðar er sýnd á sannfærandi hátt meðfram strandlínu. Hins vegar er þrengt um of að útisvæðum og lífríki strandsvæða.

Greining á staðhættum er afar vönduð en hún skilar sér þó ekki til fulls við tillögugerðina. Tillagan nær ekki að fanga núverandi staðaranda.

Í miðri byggðinni er Gufunesgarður með fjölbreyttri útivistarstarfsemi og minni um horfið landslag. Garðurinn er áhugaverður en tengja þarf hann betur nærliggjandi svæðum og núverandi byggð í Grafarvogi. Rýmin milli húsanna eru sýnd í mannlegum kvarða. Nýting á öllu svæðinu virkar hins vegar of mikil og verður yfirþyrmandi. Byggð 3. áfanga, sunnan og austan Gufunesbæjarsvæðis er að mati dómnefndar ofaukið. Unnið er á sannfærandi hátt með sjónása sem leggja tillögunni sínar meginlínur. Bryggjuhverfið er er vel formað. Göngubrú er sannfærandi tenging yfir til Viðeyjar en aðrar tengingar við nærliggjandi svæði er ábótavant.

Í tillögu vantar nánari útfærslu á stórum samgöngumannvirkjum sem mun taka miklu meiri pláss ofanjarðar heldur en tillagan sýnir.

Í heildina vönduð tillaga með sterka sýn á uppbyggingu byggðar sem gæti nýst við framtíðarskipulagningu byggðar á svæðinu.



Tillaga 3

Auðkennd 16979

Verðlaunatillaga

Höfundar:

jvantspijker + Felixx

byggðarpróun með það að leiðarljósi að skapa forsendur fyrir fjölbreytt og skapandi frumkvöðlasamfélag þar sem gott er að búa, starfa, upplifa og njóta.

Lýsing höfunda

Meginmarkmið tillögunnar er að mynda ramma almenningssvæðis utan um sveigjanlega og sjálfbæra byggðarpróun með það að leiðarljósi að skapa forsendur fyrir fjölbreytt og skapandi samfélag þar sem gott er að búa í, starfa, upplifa og njóta lífsins.

Í tillögunni er Gufunesi falið það hlutverk að losa um þrýstinginn sem myndast hefur á miðborginni. Einskonar ventill fyrir ungt fólk sem kys grósku og borgarbrag í stað úthverfa. Það liggur nánast við að nýta óhefluð umhverfisgæði og staðaranda sem grunn að samfélagi þar sem tækifæri, hagkvæmni og upplifun verða í forgrunni. Gufunes verður blönduð byggð fyrir íbúðir, smávaxinn atvinnurekstur, skapandi iðnað, menningu, menntun, sýningar- og atburði, ferðamannaiðnað og sjálfbærar samgöngur. Þessi náttúru- og iðnaðarperla mun skera sig úr fjöldanum og þjóna þeim sem kunna að meta óhefluð séreinkenni svæðisins og kjósa að búa í suðupotti borgarbragsins.

Metnaður tillögunnar er að nýta þá kosti sem fyrirfinnast á svæðinu;

- Að endurnýta sem flest iðnaðarmannvirki á svæðinu, bæði til styttri og til lengri tíma
- Að virkja sjávarsíðuna með aðlaðandi stígakerfi, merkingum og áfangastöðum
- Að styrkja aðgengi og tengingu fyrir alla markhópa og farartæki, bæði innbyrðis og eins við nánasta umhverfi
- Að nýta kvarða iðnaðarsvæðisins í núverandi mynd, en mynda mannleg, hlý og skjólgóð svæði þar sem það á við
- Að nýta náttúrulegan landhalla á svæðinu fyrir meðhöndlun á yfirborðsvatni
- Að nýta stórfenglega fjallasýn til norðurs og vesturs
- Að efla forsendur fyrir sjálfbærar samgöngur, hvetja til betri lýðheilsu og hreyfingar með bættum aðbúnaði s.s. hjólaleigum og hjólageymslum, sameiginlegum bílakosti og ferjutengingum
- Að nýta sjóleiðina fyrir t.d. vatnastrætó á milli Gufuness, Viðeyjar, Sundahafnar og Hörpu/miðbæjarins. Bæði fyrir fólk í úthverfunum sem stundar vinnu í borginni og fyrir ferðamenn í leit að nýrri upplifun og afþreyingu
- Að gera ráð fyrir legu Sundabrautar án þess að gera þróun svæðisins háð komu hennar

Tillöguhöfundar telja að Gufunes geti orðið einstakt hverfi í borginni þar sem iðnaðarmannvirki, manngert landslag, afþreying- og útivist, spennandi atvinnu- og íbúðarhverfi og stórfengleg fjallasýn við sjávarsíðu mynda órjúfanlega heild. Tillagan byggir á sterkum ramma almenningssvæðis sem heldur utan um sveigjanlega og sjálfbæra

Umsögn dómnefndar

Sannfærandi og raunhæf tillaga með nýstárlegar hugmyndir og skýra heildarhugmynd. Vönduð hugmynd í marga staði þar sem tillöguhöfundum tekst að flétta saman nýja byggð við núverandi hús á frumlegan hátt. Tillagan heldur í núverandi byggðamynstur og reynir að varðveita anda núverandi byggðar þar sem hrátt umhverfi blandast við hlýrri og mýkri þætti. Hugmyndir um sjálfstæði borgarhlutans er þó dregnar í efa þar sem eitt af markmiðum keppinnar voru tengsl við núverandi byggð í Grafarvogi. Nauðsynlegt er að Grafarvogsbúar hafi gott aðgengi að svæðinu.

Sýndar eru fjölbreyttar og skemmtilegar tillögur að nýtingu á núverandi mannvirkjum. Byggðin á svæðinu er blönduð með fjölbreyttum og skýrum borgarrýmum. Borgarmiðað og skilvirkt gatnakerfi ásamt góðum útírýmum og mannlegum kvarða eru sterkir og mótandi þættir í byggðinni. Byggðin hefur sitt eigið aðdráttarafl með spennandi áherslu á frumkvöðla og framtíðaratvinnuþróun á svæðinu. Allt þetta gefur svæðinu sterka ímynd.

Hugmyndir um sjálfbæra þróun byggðarinnar eru sýndar á sannfærandi hátt og áfangaskipting virðist raunhæf.


Hámarkshæð húsa þarf að skoða með tilliti til veðurfars og útsýnis. Við framtíðarþróun byggðar á svæðinu mætti skoða stærra svæði en gert er í tillögunni. Ekki er víst að hugmyndir um skurði og síki gangi upp á svæðinu sökum jarðvegsmengunar.

Sýndar eru fjölbreyttar og spennandi húsagerðir sem eru margar lítt þekktar hér. Hugmynd um "stásstofu" á jarðhæð húsa er áhugaverð. Tillagan sýnir nokkuð skemmtilega og sannfærandi hugmynd um samgöngumiðstöð sem samtvinnar ólíka samgöngumáta. Skoða þyrfti raunhæfni þess að nýta bátastrætósamgöngur til svæðisins.

Í tillögunni er ekki tekin ástæða til Sundabrautar en skilið eftir stórt opið svæði sem gefur möguleika á mörgum útfærslum brautarinnar. Útivistarsvæðið verður því að nokkru óskrifað blað og kemur það niður á hugmyndum um nýtingu útivistarsvæðisins. Talsvert vantar upp á frumleika og frekari vinnu við allt útivistarsvæðið.

Framsetning tillögunnar er góð og teikningar eru vel unnar.

Heildartillagan er sterk þar sem frumlegar hugmyndir og mikill metnaður er lagður í skipulag nýrrar byggðar. Tillagan er einnig opin fyrir meiri byggð í framtíðinni en grænu svæðin þyrfti að vinna betur.



Tillaga 4

Auðkennd 83819

Höfundar:

Karl Kvaran + OLGA architects

Lýsing höfunda

Markmið verkefnisins eru:

- Að mynda sjálfbært, þétt og blandað hverfi með fjölbreytilegu mannlífi sem hefur góða tengingu við nærliggjandi borgarhluta og náttúru og hefur sinn sérstaka staðaranda,
- Að móta samgöngunet sem gerir öllum samgöngum hátt undir höfði með áherslu á vistvænar samgöngur,
- Að skapa borgarumhverfi í mannlegum mælikvarða, þar sem almenningsrými, torg, leiksvæði og útivistarsvæði njóti sólar og skjóls, og efli mannleg samskipti,
- Að hanna hverfi sem er bæði tengt við aðra borgarhluta, mögulega byggð í Geldingarnesi og ekki síst önnur hverfi í Grafarvogi.

Megininntak tillögunnar er að móta skipulag sem lýsir langtímasýn á þróun svæðisins. Farin er sú leið að sýna hve miklir möguleikarnir eru enda má gera ráð fyrir því að eftirspurn eftir lóðum á svæðinu muni haldast í hendur við fyrirhugaða uppbyggingu svæðinu. Með tilkomu Sundabrautar og mögulegs íbúðahverfis á Geldingarnesi munu tengsl svæðisins við önnur íbúðasvæði borgarinnar styrkjast. Tækifæri svæðisins til vaxtar í framtíðinni kunna því að vera umtalsverð. Það sem í fyrstu kann að virðast ónothæft svæði gæti orðið blómlegt hverfi með samspili verslunar-, þjónustuíbúðabygginga og kvikmyndaiðnaðar. Því teljum við áhugavert og í raun brýnt að sýna fram á ítrustu nýtingarmöguleika á þessu stigi málsins en um leið ganga ekki um of á náttúru svæðisins og sjávarsiðuna.

Þó tillöguhöfundar bjóði upp á möguleika á mikilli nýtingu á svæðinu er ekki gert ráð fyrir að öll óbyggð svæði verði lögð undir byggingar. Þannig fá grænu svæðin við Gufunesbæinn að vera og svæðið sem í dag er Ævintýragarðurinn heldur sér. Auk þess verður opinn almenningsgarður með matjurta- og grænmetisgörðum og leik- og æfingataekjum fyrir börn og fullorðna svo eitthvað sé nefnt. Grunn- og leiksskólar svæðisins gætu nýtt svæðið í útikennslu eða íþróttir.

Með þessum skipulagstillögum er lagt upp með að skapa sjálfbært, þétt og blandað hverfi með fjölbreytilegu mannlífi á einstökum stað í borginni. Heilsa og vellíðan íbúa er í fyrirrúmi með fjölnotarýmum og vistvænum samgöngum. Gamla iðnaðarbyggingar munu verða kvikmyndaver en um leið standa sem minjar um atvinnulíf á svæðinu á árum áður.

Umsögn dómnefndar

Skýr og áhugaverð hugmynd, en abstrakt hugsun sem sýnir miklar andstæður. Ákveðin feitur felst í einfaldleika tillögunnar og skýrri sýn tillöguhöfunda á form og virkni svæðisins í framtíðinni. Tillagan er í raun hlutur í sjálfum sér. Hún hefur á sér stílhreinan blæ og undirstrikar anda núverandi iðnaðarmannvirkja vel með gróðri og heillandi grænni umgjörð.

Umfangsmikil umferðarmannvirki eru hinsvegar yfirþyrmandi í tillögunni og í mikilli mótsögn við byggðina, sem er bíllaust umhverfi með bílakjallara undir öllu svæðinu. Áfangaskiptingu vantar.

Ekki er um að ræða blandaða landnotkun heldur svæðaskipt umhverfi. Sett er spurningarmerki við svo skýra svæðaskipta landnotkun. Rýmin á milli húsa er óljós og þéttleika byggðar mætti hugsa betur.

Styrkur tillögunnar er í gönguás sem liggur vestur-austur, hann er bæði dýnamískur og í sannfærandi hlutföllum.

Fallega framsett tillaga, en róttækni sem gengur ekki upp og virkar jafnvel að sumu leyti þvert á megin stefnur og markmið í gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur.



Tillaga 5

Auðkennd 33468

Höfundar:

VA arkitektar

Lýsing höfunda

Á Gufunesi mun myndast þétt byggð sem hefur jákvæð áhrif á vistkerfi jarðar og efnahagslega kosti í för með sér fyrir hverfið og borgina en ekki síst íbúana sjálfa. Þeir munu í sínu daglega lífi upplifa ótalmargar nýjar og litríkar sviðsmyndir; eins og úti í kjörbúð við borgargötunarnar, við matjurtargarða og útikennslustofur, í stórum strúktúrum gömlu áburðarverksmiðjunnar og loks við voginn undir brúnni.

Stórir strúktúrar, ærslagangur og fjör, ró og íhugun eru þær sviðsmyndir sem einkenna Gufunes. Þessar ólíku sviðsmyndir hafa mótast á mislöngum tíma út frá ólíkum hugarheimum. Þær eru uppsprettur að nýjum sviðsmyndum þar sem ólíkir og skapandi hugarheimar fá áfram að njóta sín til hins ýtrasta á sama tíma og sjálfbærir samfélagsstrúktúrar nema land og tengja staðinn við Grafarvog og Reykjavík í heild sinni.

Veigamestu sviðsmyndirnar felast einkum í nýrri menningarstarfssemi á svæði gömlu áburðarverksmiðjunnar, fjölbreytileg íbúðarbyggð sem mun mótast í brekkum Gufunes og almenningsgarður sem mun þróast út frá núverandi skemmtigarði og frístundastarfi.

Áfangaskipting

Fyrsti áfangi: Menningartengd starfssemi, einkum á sviði kvikmyndagerðar mun hefja sitt skeið ásamt þróun íbúðarhúsnæðis á svæði áburðarverksmiðjunnar. Samstarfsverkefni Sorpu við skóla í Grafarvogi mun einnig fara af stað.

Annar áfangi: Íbúðarbyggð í brekkum tekur á sig mynd en hugsanlega í nokkrum sjálfstæðum skrefum. Íbúðarbyggð sunnan við almenningsgarð mun einnig taka á sig mynd en þar verður leitast við að draga fram votlendi sem lið í sjálfbærum áherslum svæðisins.

Þriðji áfangi: Lagning Sundabrautar og nýr vogur verður til. Byggð tekur að myndast á milli svæði áburðarverksmiðjunnar og brekkunnar og Gufunes verður í kjölfarið ein órjúfanleg heild sem tengist vesturhluta Reykjavíkur sterkum böndum. Einkum er gert ráð fyrir atvinnustarfssemi á þessu svæði en líka íbúðum.

Umsögn dómnefndar

Margbreytileg tillaga sem leggur heldur mikla áherslu á umfangsmiklar umferðarlausnir.

Lítið er unnið með svæðið við gömlu Áburðarverksmiðjuna, þar sem þéttleikinn er lítill og byggð gísín. Útisvæði og torg milli húsa eru þar í ómanneskjulegum kvarða og virka óaðlaðandi. Hringekja við höfnina og kláfur út í Viðey eru hins vegar skemmtilegar hugmyndir og hæfa svæðinu vel.

Umferðartenging við Sundabraut ber tillöguna nokkru yfirliði og útisvæði undir og við stórt hringtorg virkar ekki sannfærandi. Ekki er víst að ráðlagt sé að grafa inn vog rétt neðan við gömlu sorphaugana sökum jarðvegsmengunar.

Jarðlok yfir Sundabraut er spennandi kostur og íbúðabyggð næst Strandvegi virkar sannfærandi. Þar tekst tillöguhöfundum að vinna heildstæða byggð sem vel gæti tengst núverandi byggð í Grafarvogi. Þar er einnig sýnd jákvæð tenging við Grafarvoginn með samgöngu- og þjónustuás sem tengist Borgavegi. Göngu og umferðartengingar á því svæði eru mjög góðar og áhugavert hvernig tillagan gerir ráð fyrir að þjónusta einnig núverandi íbúa Grafarvogs með því að ná þeim inn á svæðið með almenningsamgöngum.

Fjölbreytt tillaga sem tekst best til að sýna sannfærandi íbúabyggð á eystri hluta svæðisins.



Tillaga 6

Auðkennd 01180

Viðurkenning

Höfundar:

Hornsteinar arkitektar

Lýsing höfunda

Hugmyndirnar sem hér eru kynntar að framtíðarsýn Gufunessvæðisins eru bæði raunhæfar og fjölbreyttar. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 -2030 er lagt til grundvallar.

Nýja samfélagið einkennist af markvissri landnotkun, vandaðri útfærslu mannvirkja og umhverfis. Grunnstefið er heildstæð og sjálfbær hverfiseining sem einkennist af blöndu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis sem ramar inn fjölskrúðugt mannlíf, mismunandi aldurs- og þjóðfélagshópa. Mannvirki Sorpu og fyrirhugað kvikmyndaver RVK-Studios á svæði Áburðarverksmiðjunnar mynda e.k. skjöld utan um nýja samfélagið. Gert er ráð fyrir fjölbreyttri samsetningu húsnæðis smærra og stórra eininga; sérbyli/raðhús/fjölbýli. Einnig leiguhúsnæði, húsnæði fyrir smá og stór fyrirtæki, sprotafyrirtæki, stofnanir, veitingastaðir, skrifstofur og vinnustofur listamanna. Í rýmnum milli bygginganna er að finna margvislega garðrými og torg er nýttast samfélaginu og eru til þess gerð að efla enn frekar hverfisvitund og staðaranda. Atvinnutækifærum er gefið mikið rými í hugmyndunum, bæði í tengslum við fyrirhugað kvikmyndaver, en einnig sem nýjan hlekk í keðju afþreyingatækifæra á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við ferðaþjónustu.

Ný byggð fellur áreynslulaust að þeirri byggð og mannvirkjum sem standa áfram á fyrstum iðnaðarsvæði Áburðarverksmiðjunnar og verður hluti af þeim. Af því leiðir að umfang og skali byggðarinnar næst iðnaðarmannvirkjunum er mestur og þéttastur en verður smærri í mælikvarða eftir því sem ofar dregur í landinu þar til hún rennur saman við núverandi byggð við Strandveginn. Form íbúðarbyggðarinnar eru lifandi létt og taka mið af landformi svæðisins; á sama hátt og byggðarmynstur Grafarvogs. Líkt og sprungur í berggrunni liðast byggðin um svæðið, tengist og límist við umhverfið, en hefur samt sín sérkenni. Megináhersla er á vistvænar samgöngur, þar sem umferð gangandi og hjólandi er sett í forgang ásamt almenningssamgöngum.

Í hnotskurn með skipulagshugmyndinni þá er verið að leitast við að styrkja Gufunessvæðið í heild sinni, auka gæði, verðmæti þess og fjölbreytileika sem lifandi samfélags. Landnám í fagurri náttúru; iðandi og skapandi samfélag mismunandi aldurs- og þjóðfélagshópa. Sveigjanleiki, sjálfstæði, sérstaða og framsækni.

Umsögn dómnefndar


Tillagan er með sannfærandi útfærslu af útivistarsvæðum og er sú tillaga sem vinnur hvað best af tillögunum með landslagið og grænu svæðin í Gufunesi. Útivistarmöguleikar og nýting á svæðinu er mjög góð. Á svæðinu við Gufunesbæ eru áhugaverðar og vel útfærðar hugmyndir. Unnið er markvisst með skjólmyndun á útivistarsvæðinu í heild sinni og er vinna með rýmismyndun gróðurs til fyrirmyndar.

Sundabraut er sett nokkuð lágstemmt fram með hringtorgum á gatnamótum, sem er ekki ólíklegt að hún verði í fyrsta áfanga. Vistlok sem nýtir hæðarmun í landi á þennan hátt er áhugaverð lausn þegar stór gata er lögð í gegnum byggð. Byggð á vistlokinu gerir það að raunhæfum kosti en byggðin í tillögunni er hvorki nógu þétt né sannfærandi unnin. Innri veltengingar og gatnakerfi með botnlöngum virkar hamlandi.

Það er góð hugmynd að reyna að tengja nýju byggðina við núverandi byggð í Grafarvogi en útfærslan er ekki nógu sannfærandi. Texti er vandaður og lýsandi. Nýting á núverandi húsnæði á svæðinu virðist ekki vera mikil og rýmismyndun á nýrri byggð mætti vera betri.

Tillöguhöfundar vinna vel með hugmyndir íbúa að svæðinu.

Góð heildarhugmynd en útfærsla á nýrri byggð ekki nógu sannfærandi. Sannfærandi sýn á uppbyggingu útivistar sem nýtist við framtíðarskipulagningu á svæðinu.



Samþykki dómnefndar á niðurstöðum

Reykjavík, 17. nóvember 2016



Sigurborg Ósk Haraldsdóttir,
formaður dómnefndar



Áslaug Traustadóttir



Björn Axelsson



Helgi B. Thóroddsen



Marta Guðjónsdóttir